

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/1745**

2021/EES/49/24

frá 13. ágúst 2019

um viðbætur við og breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum, afhendingu vetnis fyrir flutninga á vegum og afhendingu jarðgass fyrir flutninga á vegum og vatnaleiðum og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti ⁽¹⁾, einkum 4. gr. (14. mgr.), 5. gr. (3. mgr.) og 6. gr. (11. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Staðlasetning framkvæmdastjórnarinnar miðar að því að tryggja að ákvarðaðar séu tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi hleðslu- og áfyllingarstöðva í evrópskum eða alþjóðlegum stöðlum með því að tilgreina nauðsynlegar tækniforskriftir, að teknu tilliti til fyrirliggjandi Evrópustaðla og tengdrar vinnu við gerð alþjóðlegra staðla.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽²⁾ fór framkvæmdastjórnin þess á leit ⁽³⁾ við Staðlasamtök Evrópu (CEN) og Rafstaðlasamtök Evrópu (Cenelec) að þau þróuðu og samþykktu viðeigandi Evrópustaðla, eða að þau breyttu fyrirliggjandi Evrópustöðlum, varðandi afhendingu rafmagns fyrir flutninga á vegum, sjóflutninga og flutninga á skipgengum vatnaleiðum, afhendingu vetnis fyrir flutninga á vegum, afhendingu jarðgass, þ.m.t. lífmetans, fyrir flutninga á vegum, sjóflutninga og flutninga á skipgengum vatnaleiðum.
- 3) Evrópski iðnaðurinn hefur samþykkt staðlana sem Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu þróuðu í þeim tilgangi að tryggja hreyfanleika ökutækja og skipa, sem ganga fyrir mismunandi eldsneyti, innan alls Sambandsins. Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu mæltu með því við framkvæmdastjórnina að þessir staðlar verði felldir inn í lagaramma Sambandsins. Því ætti að bæta við eða breyta þeim tækniforskriftum sem um getur í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 4) Í tengslum við þessa framseldu reglugerð vísa ákvæðin um „rekstrarsamhæfi“ eingöngu til getu hleðslu- og áfyllingarstöðva til afhendingar orku, sem hentar fyrir allar tegundir ökutækjatekni, til að stuðla að snurðulausri notkun ökutækja, sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti, innan alls Sambandsins.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 268, 22.10.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 174/2021 frá 11. Júní 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjttíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

(3) M/533 - Lokaútgáfa framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C(2015) 1330 frá 12. mars 2015 um stöðlunarbeiðni til evrópskra staðlastofnana, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012, um að semja drög að Evrópustöðlum um grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti.

- 5) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðlana sem mælt er með að verði notaðir í tengslum við hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki. Í tengslum við þessar hleðslustöðvar ætti að nota staðalinn EN 62196-2 „Klær, tenglar og tengi og inntök fyrir farartæki. Hleðsla rafknúinna farartækja með leiðslum. Mál- og skiptihæfikerfður vegna riðspennupinna- og hulsbúnaðar“ (Plugs, socket-outlets, vehicle connectors and vehicle inlets. Conductive charging of electric vehicles. Dimensional compatibility and interchangeability requirements for a.c. pin and contact-tube accessories) og staðalinn IEC 60884-1 *Plugs and socket-outlets for household and similar purposes – Part 1: General requirements*. Því ætti að bæta við lið 1.5 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 6) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðlana sem mælt er með að verði notaðir í tengslum við afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Í tengslum við slíka afhendingu rafmagns ætti að nota staðalinn EN 15869-2 „Skip á skipgengum vatnaleiðum — Rafmagnshafnatengi, þriggja fasa rafmagn, 400 V, allt að 63 A, 50 Hz, — Hluti 2: Landeining, öryggiskröfur (breyting liggur fyrir til að hækka ampertöluna úr 63 í 125)“ (Inland navigation vessels — Electrical shore connection, three phase current 400 V, up to 63 A, 50 Hz — Part 2: Onshore unit, safety requirements (in process of being amended to increase amperage from 63 to 125)) og staðalinn EN 16840 *Inland navigation vessels – Electrical shore connection, three phase current 400 V, at least 250 A, 50 Hz*. Því ætti að bæta við lið 1.8 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 7) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðlana sem mælt er með að verði notaðir í tengslum við áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas. Evrópustaðallinn EN ISO 16923 *Natural gas fuelling stations – CNG stations for fuelling vehicles* tekur til hönnunar, smíði, rekstrar, skoðunar og viðhalds áfyllingarstöðva þjappaðs jarðgass fyrir ökutæki, þ.m.t. tækjabúnaður og öryggis- og stjórnubúnaður. Þessi Evrópustaðall gildir einnig um þá hluta áfyllingarstöðva þar sem jarðgasið er í loftkenndu formi og þar sem afhent er þjappað jarðgas sem er unnið úr fljótandi jarðgasi (L-CNG) samkvæmt staðlinum EN ISO 16924. Hann gildir einnig um lífmetan, uppfært metan, sem er unnið úr kolalögum (e. *coal-bed methane*, CBM), og gas sem myndast við uppgufun frá fljótandi jarðgasi (hvort sem er á staðnum eða utan hans). Þeir þættir staðalsins EN ISO 16923, sem tryggja rekstrarsamhæfi á milli áfyllingarstöðvanna fyrir þjappað jarðgas og ökutækjanna, ættu einnig að gilda um aðrar áfyllingarstöðvar fyrir þjappað jarðgas. Því ætti að bæta við lið 3.4 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 8) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðlana sem mælt er með að verði notaðir í tengslum við áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas. Í núverandi útgáfu sinni tekur Evrópustaðallinn EN ISO 16924 *Natural gas fuelling stations – LNG stations for fuelling vehicles* til hönnunar, smíði, rekstrar, viðhalds og skoðunar áfyllingarstöðva fljótandi jarðgass fyrir ökutæki, þ.m.t. tækjabúnaður og öryggis- og stjórnubúnaður. Evrópustaðallinn inniheldur einnig forskriftir fyrir hönnun, smíði, rekstur, viðhald og skoðun áfyllingarstöðva þar sem fljótandi jarðgas, sem geymt er á staðnum, er dælt í þjöppuðu formi á ökutæki (L-CNG-áfyllingarstöðvar), þ.m.t. öryggis- og stjórnubúnaður stöðvarinnar og sértækur búnaður fyrir L-CNG-áfyllingarstöð. Evrópustaðallinn tekur til áfyllingarstöðva með eftirfarandi einkenni: einkaaðgang, almennan aðgang (sjálfsafgreiðsla eða þjónusta í boði), bensíndælu með eða án teljara, áfyllingarstöðvar með fasta geymslu fyrir fljótandi jarðgas, áfyllingarstöðvar með færanlega geymslu fyrir fljótandi jarðgas. Evrópustaðallinn EN ISO 12617 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir fljótandi jarðgas (LNG) 3,1 MPa tengi“ (Road vehicles – Liquefied natural gas (LNG) refuelling connector –3,1 MPa connector) inniheldur, í núverandi útgáfu sinni, forskriftir fyrir áfyllingarstúta og -mótstykki fyrir fljótandi jarðgas, sem eru alfarið smíðaðir úr nýjum og ónotuðum hlutum og efniviði, fyrir ökutæki sem eru knúin fljótandi jarðgasi. Áfyllingartengi fyrir fljótandi jarðgas samanstendur af, eftir því sem við á, áfyllingarmótstykki og hlífðarloki þess (fest á ökutækið) og stút. Þessi Evrópustaðall gildir einungis um tæki, sem eru hönnuð fyrir hámarksvinnuþrýsting 3,4 MPa (34 bör), sem nota fljótandi jarðgas sem eldsneyti fyrir ökutæki og sem hafa staðlaða tengihluti. Þeir þættir í staðlinum EN ISO 16924 sem tryggja rekstrarsamhæfi að því er varðar áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas og staðallinn EN ISO 12617, sem inniheldur forskriftir fyrir áfyllingartengi, ættu að gilda um áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas. Því ætti að bæta við lið 3.2 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 9) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðlana sem mælt er með að verði notaðir í tengslum við áfyllingarstöðvar fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskip. Í Evrópu-staðlinum EN ISO 20519 *Ships and marine technology – Specification for bunkering of liquefied natural gas fuelled vessels* er gerður greinarmunur á áfyllingarstöðvum fyrir hafskip annars vegar og skip á skipgengum vatnaleiðum hins vegar. Að því er varðar hafskip, sem falla ekki undir alþjóðakóðann um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af fljótandi gastegundum (IGC-kóðinn), ættu áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas að uppfylla staðalinn EN ISO 20519. Að því er varðar skip á skipgengum vatnaleiðum ættu áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas þó einungis að uppfylla staðalinn EN ISO 20519 (hluta 5.3–5.7) með tilliti til rekstrarsamhæfis. Evrópustaðallinn EN ISO 20519 ætti að gilda um áfyllingarstöðvar fyrir hafskip og sami Evrópustaðallinn (hlutar 5.3–5.7) ætti að gilda um áfyllingarstöðvar fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum. Því ætti að bæta við lið 3.1 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.

- 10) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðalinn, sem mælt er með að verði notaður í tengslum við vetnisáfyllingarstöðvar sem skammta loftkenndu vetni, og reglur um áfyllingu. Evrópu-staðallinn EN 17127 *Outdoor hydrogen refuelling points dispensing gaseous hydrogen and incorporating filling protocols*, í núverandi útgáfu sinni, tekur til rekstrarsamhæfis í tengslum við hönnun, smíði, rekstur, skoðun og viðhald áfyllingarstöðva loftkennds vetnis fyrir ökutæki. Rekstrarsamhæfiskröfurnar, sem lýst er í staðlinum EN 17127, ættu að gilda um vetnisáfyllingarstöðvar og sami Evrópustaðallinn ætti að gilda um viðeigandi reglur um áfyllingu. Því ætti að breyta liðum 2.1 og 2.3 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 11) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um staðalinn, sem mælt er með að verði notaður til að skilgreina gæðaeinkenni vetnis, sem skammtað er á vetnisáfyllingarstöðvum fyrir ökutæki. Evrópustaðallinn EN 17124 *Hydrogen fuel — Product specification and quality assurance — Proton exchange membrane (PEM) fuel cell applications for road vehicles*, í núverandi útgáfu sinni, tekur til gæðaeinkenna vetnisseldsneytis og samsvarandi gæðatryggingu í því skyni að tryggja einsleitni vetnisvörunnar sem skömmtuð er til notkunar í kerfum ökutækja með PEM-efnarafala. Evrópustaðallinn EN 17124, þar sem skilgreind eru gæðaeinkenni vetnis sem skammtað er á vetnisáfyllingarstöðvum, ætti að gilda. Því ætti að breyta lið 2.2 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 12) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um að mælt sé til þess að Evrópustaðallinn EN ISO 17268 „Tengibúnaður til eldsneytisáfyllingar ökutækja með loftkenndu vetni“ (Gaseous hydrogen land vehicle refuelling connection devices) verði notaður í tengslum við tengibúnað vélknúinna ökutækja fyrir áfyllingu loftkennds vetnis. Þar af leiðandi er mikilvægt að ljúka ferlinu við vottun tengibúnaðar fyrir áfyllingu loftkennds vetnis fyrir vélknúin ökutæki í samræmi við staðalinn EN ISO 17268. Þegar þessu ferli er lokið ætti tengibúnaður fyrir áfyllingu loftkennds vetnis fyrir vélknúin ökutæki að uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 17268. Því ætti að breyta lið 2.4 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 13) Staðlasamtök Evrópu og Rafstaðlasamtök Evrópu upplýstu framkvæmdastjórnina um að nota ætti Evrópustaðalinn EN ISO 14469 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir þjappað jarðgas (CNG)“ (Road vehicles - Compressed natural gas (CNG) refuelling connector) í tengslum við tengibúnað/mótstykki fyrir þjappað jarðgas. Því ætti að breyta lið 3.3 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við það.
- 14) Haft var samráð við sérfræðingahópinn „Samstarfsvettvangur fyrir sjálfbæra flutninga“ (e. *Sustainable Transport Forum*) og miðnefndina um siglingar á Rínarfljóti (CCNR) og veittu þau ráðgjöf um Evrópustaðlana sem fjallað er um í þessari framseldu reglugerð framkvæmdastjórnarinnar.
- 15) Framkvæmdastjórnin ætti að bæta við og breyta tilskipun 2014/94/ESB til samræmis við tilvísanir í Evrópustaðlana sem samdir hafa verið hjá Staðlasamtökum Evrópu og Rafstaðlasamtökum Evrópu.
- 16) Þegar ákvarða á, uppfæra eða bæta á við nýjum tækniforskriftum, sem tilgreindar eru í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB, fyrir tilstuðlan framseldra reglugerða framkvæmdastjórnarinnar, skal 24 mánaða umbreytingartímabil gilda.
- 17) Í þessa reglugerð ætti að fella inn uppfærslur sem gerðar hafa verið að beiðni sumra aðildarríkja að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi til skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir flutninga á vatnaleiðum, ásamt nýlegri vinnu Staðlasamtaka Evrópu og Rafstaðlasamtaka Evrópu varðandi staðla fyrir afhendingu jarðgass og vetnis. Því ætti að fella framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 (*) úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki

Eftirfarandi tækniforskriftir skulu gilda fyrir hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki sem um getur í lið 1.5 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB:

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 frá 17. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB að því er varðar hleðslustöðvar fyrir vélknúin ökutæki í L-flokki, afhendingu rafmagns frá landi fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum og áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir flutninga á vatnaleiðum, og um breytingu á þeirri tilskipun að því er varðar tengibúnað fyrir vélknúin ökutæki fyrir áfyllingu loftkennds vetnis (Stjtið. ESB L 114, 4.5.2018, bls.1).

- 1) Riðstraumshleðslustöðvar, að 3,7 kVA, sem eru aðgengilegar almenningi og fráteknaðar fyrir rafknúin ökutæki í L-flokki, skulu, með tilliti til rekstrarsamhæfis, búnar a.m.k. einu af eftirfarandi:
 - a) tenglum eða tengibúnaði af gerðinni 3A fyrir ökutæki, eins og lýst er í staðlinum EN 62196-2 (fyrir hleðsluham 3),
 - b) tenglum sem samrýmast staðlinum IEC 60884-1 (fyrir hleðsluham 1 eða 2).
- 2) Riðstraumshleðslustöðvar, yfir 3,7 kVA, sem eru aðgengilegar almenningi og fráteknaðar fyrir rafknúin ökutæki í L-flokki, skulu, með tilliti til rekstrarsamhæfis, búnar a.m.k. tenglum eða tengibúnaði fyrir ökutæki af gerð 2, eins og lýst er í staðlinum EN 62196-2.

2. gr.

Afhending rafmagns frá landi til skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum

Eftirfarandi tækniforskrift skal gilda um afhendingu rafmagns frá landi til skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum sem um getur í lið 1.8 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB:

Við afhendingu rafmagns frá landi til skipa í siglingum á skipgengum vatnaleiðum skal fara að kröfum staðalsins EN 15869-2 eða EN 16840, miðað við orkuþörfina.

3. gr.

Hleðslustöðvar fyrir þjappað jarðgas (CNG) fyrir vélknúin ökutæki

Eftirfarandi tækniforskriftir skulu gilda fyrir hleðslustöðvar fyrir þjappað jarðgas sem um getur í lið 3.4 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB:

Áfyllingarþrýstingurinn (vinnsluþrýstingurinn) skal vera 20,0 MPa (200 bör) við 15 °C. Eins og fram kemur í staðlinum EN ISO 16923 *Natural gas fuelling stations – CNG stations for fuelling vehicles* er leyfilegur hámarksáfyllingarþrýstingur 26,0 MPa með „hitastigsleiðréttingu“.

4. gr.

Hleðslustöðvar fyrir fljótandi jarðgas (LNG) fyrir vélknúin ökutæki

Eftirfarandi tækniforskriftir skulu gilda fyrir hleðslustöðvar fyrir fljótandi jarðgas fyrir vélknúin ökutæki sem um getur í lið 3.2 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB:

Áfyllingarþrýstingurinn skal vera lægri en leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur eldsneytisgeymis ökutækisins, eins og fram kemur í staðlinum EN ISO 16924 *Natural gas fuelling stations – LNG stations for fuelling vehicles*.

Snið tengibúnaðarins skal samrýmast staðlinum EN ISO 12617 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir fljótandi jarðgas (LNG) 3,1 MPa tengi“ (Road vehicles – Liquefied natural gas (LNG) refuelling connector – 3,1 MPa connector).

5. gr.

Áfyllingarstöðvar fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskip

Eftirfarandi tækniforskriftir skulu gilda um áfyllingarstöðvar fyrir skip í siglingum á skipgengum vatnaleiðum eða hafskip sem um getur í lið 3.1 í II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB:

Fyrir hafskip, sem falla ekki undir alþjóðakóðann um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af fljótandi gastegundum (IGC-kóðinn), skulu áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas uppfylla ákvæði staðalsins EN ISO 20519.

Fyrir skip á skipgengum vatnaleiðum skulu áfyllingarstöðvar fyrir fljótandi jarðgas eingöngu uppfylla ákvæði staðalsins EN ISO 20519 (hluta 5.3-5.7) með tilliti til rekstrarsamhæfis.

6. gr.

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2014/94/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2.1. Vetrnisáfyllingarstöðvar, sem eru utandyra og skammta loftkenndu vetni sem er notað sem eldsneyti fyrir vélknúin ökutæki, skulu uppfylla rekstrarsamhæfiskröfurnar sem lýst er í staðlinum EN 17127 *Outdoor hydrogen refuelling points dispensing gaseous hydrogen and incorporating filling protocols*“.

2) Í stað liðar 2.2 kemur eftirfarandi:

„2.2. Gæðaeinkenni vetnis, sem skammtað er á vetnisáfyllingarstöðvum fyrir vélknúin ökutæki, skulu samrýmast kröfunum sem lýst er í staðlinum EN 17124 *Hydrogen fuel — Product specification and quality assurance — Proton exchange membrane (PEM) fuel cell applications for road vehicles*, the methods to ensure that the hydrogen quality is met are also described in the standard“.

3) Í stað liðar 2.3 kemur eftirfarandi:

„2.3. Reikniritið fyrir áfyllingu skal uppfylla kröfur staðalsins EN 17127 *Outdoor hydrogen refuelling points dispensing gaseous hydrogen and incorporating filling protocols*“.

4) Í stað liðar 2.4 kemur eftirfarandi:

„2.4. Þegar vottunarferlinu er lokið fyrir tengibúnaðinn í staðlinum EN ISO 17268 skal tengibúnaður fyrir áfyllingu loftkennds vetnis á vélknúin ökutæki uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 17268 *Gaseous hydrogen land vehicle refuelling connection devices*“.

5) Í stað liðar 3.3 kemur eftirfarandi:

„3.3. Snið tengibúnaðarins skal uppfylla kröfur staðalsins EN ISO 14469 „Ökutæki - Áfyllingartengi fyrir þjappað jarðgas (CNG)“ (Road vehicles — Compressed natural gas (CNG) refuelling connector)“.

7. gr.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/674 er felld úr gildi.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. nóvember 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. ágúst 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Violeta BULC

framkvæmdastjóri.